

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 195/2020

frá 11. desember 2020

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/443 frá 25. mars 2020 um leyfi til að breyta nákvæmum skilgreiningum á nýfæðinu útdrætti úr hveitikími (*Triticum aestivum*) sem er auðugur af spermíðni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/478 frá 1. apríl 2020 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/484 frá 2. apríl 2020 um leyfi til að setja á markað laktó-N-tetraósa sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/500 frá 6. apríl 2020 um leyfi til að setja á markað duft, fitusneytt að hluta til, úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 92, 26.3.2020, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 102, 2.4.2020, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 103, 3.4.2020, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 109, 7.4.2020, bls. 2.

6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2470):

„– **32020 R 0443**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/443 frá 25. mars 2020 (Stjtið. ESB L 92, 26.3. 2020, bls. 7),

– **32020 R 0478**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/478 frá 1. apríl 2020 (Stjtið. ESB L 102, 2.4. 2020, bls. 1),

– **32020 R 0484**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/484 frá 6. apríl 2020 (Stjtið. ESB L 103, 3.4. 2020, bls. 3),

– **32020 R 0500**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/500 frá 6. apríl 2020 (Stjtið. ESB L 109, 7.4.2020, bls. 2).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 176. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/206):

„177. **32020 R 0484**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/484 frá 2. apríl 2020 um leyfi til að setja á markað laktó-N-tetraósa sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 103, 3.4.2020, bls. 3).

178. **32020 R 0500**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/500 frá 6. apríl 2020 um leyfi til að setja á markað duft, fitusneytt að hluta til, úr chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 109, 7.4.2020, bls. 2).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2020/443, (ESB) 2020/478, (ESB) 2020/484 og (ESB) 2020/500, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.